

Fimmtudaginn 21. febrúar 1991.

Nr. 191/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Jónasi Sigurði Péturssyni.

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða, Jónasar Sigurðar Péturssonar, og einnig af hálfu ákærvalds áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1990. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Gullbringusýslu verði úr gildi felld og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju, að því er ákærða, Jónas Sigurð, varðar.

Verjandi ákærða fellst á kröfur ákærvalds.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fæðingarvottorð ákærða. Samkvæmt því er fullt nafn hans Jónas Sigurður Pétursson.

Ásgeir Eiríksson fulltrúi, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð sýslumannsins í Gullbringusýslu, sem jafnframt fer með lögreglustjórn þar. Lögreglurannsókn máls þessa hófst 5. desember 1989, er lögreglan í Gullbringusýslu tók skýrslu af ákærða.

Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar 1990 í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að sýslumanninum í Gullbringusýslu og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa máls. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Gullbringusýslu og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar, að því er ákærða, Jónas Sigurð, varðar.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Gullbringusýslu, að því er varðar ákærða,

Jónas Sigurð Pétursson, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, að því er hann varðar.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 5. janúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 5. janúar, er í sakadómi Gullbringusýslu, sem haldinn er í dómsal embættisins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Ásgeiri Eiríkssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 89.2253A: Ákærvaldið gegn X og Sigurði Péturssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 8. desember sl. og dómtekið 27. desember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómnum með ákæru, dags. 7. desember sl., á hendur „X [...] og Sigurði Péturssyni, Klapparstíg 7, Sandgerði, fæddum 26. nóvember 1948, fæðingarnúmer 471, báðum skipverjum á vélbátnum Helgu Maríu, SH-291/6322, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa árdegis þriðjudaginn 5. desember 1989 sem skipverjar á nefndum báti verið á línuveiðum í Faxaflóa, á svæði undan Gerðistöngum, þar sem línuveiðar eru bannaðar.

Brot ákærðu telst varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa nr. 513, 1989, sbr. 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81, 1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299, 1975, lög nr. 44, 1948, og lög nr. 45, 1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 17. gr. nefndra laga nr. 81, 1986, og til þess að sæta upptöku á afla og veiðarfærum samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga og til greiðslu sakarkostnaðar“.

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærði X skal vera sýkn af kröfum ákærvaldsins.

Ákærði Sigurður Pétursson greiði kr. 150.000 í sekt til Landhelgis-

sjóðs Íslands, er greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 75 daga varðhaldi.

Lófótlína Helgu Maríu, SH-291, og afli skipsins skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs.

Ákærði Sigurður greiði að hálfu kostnað sakarinnar, en hinn helm-ingurinn greiðist úr ríkissjóði. Með sakarkostnaði eru þá talin máls-varnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, kr. 45.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
